

Úr nefndarálini meirihluta fjárlaganefndar við frumvarp til fjárlaga, 2. umræða, dags. 20. desember 2021, sjá <https://www.althingi.is/altext/152/s/0210.html>

“Samningar Vegagerðarinnar og sveitarfélaga um skilavegi.

Skilavegir eru vegir sem Vegagerðinni var gert heimilt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í vegalögum, nr. [80/2007](#), að semja um við sveitarfélög að flytja úr flokki stofnvega yfir til sveitarfélaganna með samningi. Áttu viðkomandi samningar upphaflega að taka gildi fyrir árslok 2019 en vegna samningsleysis var heimildin framlengd til ársloka 2021.

Samkomulag þarf að nást um þrjú atriði.

1. Hvaða vegir munu falla undir samkomulagið.
2. Ástand veganna þegar umráðaskipti eiga sér stað.
3. Hvaða aðili sér um veghald veganna.

Eftir atvikum getur komið til þess að millifæra þurfi fjármagn til veghalds frá Vegagerðinni til viðkomandi sveitarfélags. Í erindum til fjárlaganefndar kom fram að samningar séu langt komnir um ástand veganna og að tryggja þurfi að fjármagn sé til staðar til að koma þeim í viðunandi ástand en óleyst og órætt sé um veghaldið. Meiri hluti fjárlaganefndar beinir því til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að leysa úr þessum málum svo að vegir sem falla undir það að vera skilavegir verði þjónustaðir frá og með 1. janúar nk.”